

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

17. desember 1996

Nr. 679

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl.,
nr. 574/1991, með síðari breytingum, og auglýsingu um reglur varðandi
einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsóknargögn skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á teikningum eru ekki á íslensku skulu einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á þeirri mynd sem birta skal með því, liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg. Ef umsókn leiðir til veitingar einkaleyfis skal samþykkt gerð lýsingar, einkaleyfiskrafna, ágríps og texta á teikningum liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að unnt væri að veita einkaleyfi skv. 1. mgr. 19. gr. ell.

2. gr.

1. mgr. 57. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ef lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og texti á teikningum í alþjóðlegri umsókn er ekki á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku skal þýðing á þessum gögnum á eitthvert fyrrgreindra tungumála lögð inn við yfirfærslu umsóknarinnar í samræmi við 31. gr. ell. eða við endurskoðun ákvörðunar skv. 1. mgr. 38. gr. laganna. Sé þýðingin á öðru tungumáli en íslensku skal afhenda þýðingu á íslensku í samræmi við ákvæði 3. gr. sem einnig á við varðandi þýðingar á öðrum umsóknargögnum.

3. gr.

Á eftir kaflaheitinu „**Þýðing á gögnum með einkaleyfisumsókn.**“ í auglýsingunni kemur:

(3. og 57. gr. rg. ell.)

4. gr.

38. gr. auglýsingarinnar fellur niður en greinaröð helst óbreytt.

5. gr.

1. mgr. 39. gr. auglýsingarinnar orðast svo:

Einkaleyfastofan getur krafist þess að þýðing sú sem nefnd er í 31. gr. ell. á lýsingu, einkaleyfiskröfum, ágrípi og texta á teikningum skuli vera staðfest.

6. gr.

Í stað tilvísana til 38. gr. auglýsingarinnar, í reglugerðinni og auglýsingunni, komi tilvísanir til 3. gr. reglugerðarinnar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1997.

Íðnaðarráðuneytinu, 17. desember 1996.

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 680

20. desember 1996

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1997 til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Á árinu 1997 er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að styrkja sérstök verkefni á ábyrgð sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja skv. 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Fjárhæð styrkja.

Hámarksfjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðs-greiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%, enda sé hann ráðinn í fullt starf.

Annar kostnaður við verkefnið, svo sem launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af viðkomandi sveitarfélagi eða vera á ábyrgð þess.

3. gr.

Almenn skilyrði.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera til að fjölga atvinnutækifærum, við sem flestra hæfi.
2. Vera unnið hjá sveitarfélagi eða þriðja aðila. Sveitarfélagi er ekki heimilt að fela öðrum, svo sem verktaka, að sjá um framkvæmd verkefnis fyrir sig. Ef verkefni er unnið hjá þriðja aðila skal sveitarfélag gefa umsögn um umsókn hans og bera ábyrgð á verkefninu með þeim hætti að það skal hafa eftirlit með að framkvæmd þess sé í samræmi við þær áætlanir sem þriðji aðili lagði fram.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði og skal unnið í einu lagi.
4. Nota vinnuafli á atvinnuleysisskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Þeir sem lengst hafa verið á atvinnuleysisskrá skulu hafa forgang að starfi við verkefni. Þó getur verið um að ræða verkefni með störfum fyrir tiltekna hópa atvinnulausra þar sem tekið er tillit til félagslegra aðstæðna. Sömuleiðis er heimilt að víkja frá skilyrði um forgang eftir lengd atvinnuleysis ef um er að ræða verkefni sem krefst sérhæfðs starfskrafts.